

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Ölfusi.

Thor landeldi - deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss 30. maí 2024 deiliskipulag fyrir Thor landeldi að Laxabraut í Þorlákshöfn. Á skipulagssvæðinu er áformað að byggja fiskeldisstöð sem mun framleiða um 20.000 tonn af eldisfiski árlega. Skipulagssvæðið nær yfir um 20 ha svæði samtals.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Þorlákshöfn, 7. júlí 2024.

Sigurður Steinar Ásgeirsson,
skrifstofu- og verkefnastjóri umhverfis- og framkvæmdasviði.

B-deild – Útgáfudagur: 9. júlí 2024